

# Neyðarmóttaka fyrir þolendur kynferðisofbeldis

## Upplýsingar um meðferð og eftirfylgd

Komudagur á Neyðarmóttöku Landspítala: \_\_\_\_\_

### Sýnatökur vegna mögulegra smitsjúkdóma og þungunar

Sýnataka	Gert
Klamydía	
Lekandi	
HIV sýking	
Lifrabólguveira B og C	
Þungun	
Þvagfærasýking	
Sveppasýking	
Herpes sýking	
Sárasótt	
Annað:	

### Þú hefur fengið eftirfarandi lyf

Heiti lyfs	Gefið
<b>Sýklalyf: T. Zitromax</b> 500 mg, 2 töflur í einu.	
<b>Neyðargetnaðarvörn:</b> <b>T. Postinor.</b> Tafla tekin sem fyrst, innan 12 klst. eða í síðasta lagi innan 72 klst. (þriggja daga) eftir óvarðar samfarir.	
<b>Önnur lyf:</b>	

### Eftirfylgd vegna sýnatöku, þungunar og áverkaskoðunar

#### Sýnatökur

- Endurtaka þarf blóðsýnatökur vegna mögulegra smitsjúkdóma (mótefni gegn HIV, lifrabólgu B og C) eftir **3** og **6** mánuði til að fá áreiðanlegar niðurstöður.
- **Þolandi eða forráðamenn barna bera ábyrgð á að panta og mæta í blóðsýnatöku.**
- Sýnatöku vegna Klamydíu er nauðsynlegt að endurtaka eftir 4-6 vikur.
- Vegna mögulegrar þungunar þarf ef til vill að taka sýni aftur eftir hálfan mánuð til að vera viss.
- Svör við sýnum sem tekin eru í fyrstu komu berast yfirleitt innan viku.

#### Sýni eru tekin á

- Göngudeild húð- og kynsjúkdóma á Landspítala, opið kl. 08:00-16:00, alla virka daga.
- Heilsugæslustöðvum. Þjónustan er ókeypis og ekki þarf að tiltaka ástæðu beiðni.

Neyðarmóttakan hefur samband ef þú hefur smitast eða þarft á frekari rannsóknum eða meðferð að halda, annars er ekki haft samband.

## Frekari meðferð og eftirlit

Frekari meðferð og eftirlit vegna áverka fer fram á Neyðarmóttöku Landspítala eftir samkomulagi.

## Sakargögn/sönnunargögn

- Fatnaður og önnur sakargögn frá þolanda, eru geymd í ár á neyðarmóttökunni. Ef þolandi kærir ofbeldisbrotið innan þess tíma, verða sakargögn afhent lögreglu með skriflegu leyfi þolanda, eða forráðamanna þeirra sem eru yngri en 18 ára.
- Ef kæra er ekki lögð fram er sakargögnum eytt að þeim tíma loknum. Ef óskað er eftir að fá afhenta persónulega muni þarf að hafa samband við neyðarmóttökuna innan þess tíma.

## Frekari stuðningur og ráðgjöf

- Sálfræðingur í áfallateymi Landspítala hefur samband við þolanda innan viku frá broti.
- Barnavernd hefur milligöngu um sálrænan stuðning við einstaklinga yngri en 18 ára.
- Hjúkrunarfræðingar veita frekari upplýsingar og stuðning eftir þörfum.
- Þolendur eiga rétt á þjónustu réttargæslumanns, sem einnig er lögmaður, til að gæta hagsmuna þeirra.

## Símanúmer og netföng

**Hjúkrunarfræðingur Neyðarmóttöku Landspítala:** Sími 543-2094, opið virka daga kl. 08:00-16:00.

Netfang: [neydarmottaka@landspitali.is](mailto:neydarmottaka@landspitali.is)

**Sálfræðingur Neyðarmóttöku Landspítala:** Sími 543-4097, opið virka daga kl. 08.00-16:00.